

5. gr.

D. Önnur gjöld:

D.1. Lokunargjald	kr. 1 279
D.2. Mælaálestrargjald (aukaálestur)	kr. 745

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og taka breytingum í samræmi við hana.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, staðfestist hér með til að taka gildi 1. október 1991, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 436, 20. september 1991, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 518, 20. desember 1990 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 18. október 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 16. gr. orðist svo:

Óski leyfishafi eftir lengri undanþágu fjallar umsjónarnefnd um mál hans og getur hún veitt allt að tólf mánaða undanþágu til viðbótar. Umsjónarnefnd er þó heimilt að veita allt að tuttugu og fjögurra mánaða undanþágu þar að auki vegna alvarlegra og langvarandi veikinda leyfishafa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 17. október 1991.

Halldór Blöndal.

Elín Helgadóttir.